

311. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Klöpp á Dalbraut 1, þriðjudaginn 15. október 2024 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingþór Guðjónsson formaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir varaformaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi, Karl Jóhann Haagensen byggingarfulltrúi, Lárus Ársælsson umhverfisstjóri og Jens Heiðar Ragnarsson slökkviliðsstjóri.

Fundargerð ritaði: Anna Berta Heimisdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

- 1. 2308168 - Deiliskipulag Flatarhverfi klasi 5 og 6 Innnesvegur 1 Breyting - umsókn til Skipulagsfulltúra**

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 5 og klasi 6 vegna Innnesvegur 1. Umræður um næstu skref málsins. Vífill Ingimarsson, Hörður Ingi Þórbjörnsson og Auður Daníelsdóttir frá Orkunni og Löður sitja undir þessum lið.

Næstu skref verkefnisins rædd. Gestir víkja af fundi. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.
- 2. 2406240 - Breyting á aðalskipulagi vegna Innnesvegur 1 - Umsókn til skipulagsfulltrúa**

Umsókn Löðurs ehf. um breytingu á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 vegna Innnesvegur 1. Umræður um næstu skref málsins. Vífill Ingimarsson, Hörður Ingi Þórbjörnsson og Auður Daníelsdóttir frá Orkunni og Löður sitja undir þessum lið.

Næstu skref verkefnisins rædd. Gestir víkja af fundi. Skipulagsfulltrúa falið að vinna málið áfram.
- 3. 2408038 - Slökkvilið Akraness og Hvalfjarðarsveitar - Starfsmannaaðstaða**

Tillaga að breytingu á starfsmannaaðstöðu slökkviliðsins á Akranesi og Hvalfjarðarsveit lögð fram.

Skipulags- og umhverfisráð tekur vel í framlagða tillögu um starfsmannaaðstöðu slökkviliðsins við Kalmannsvelli og vísar málinu til fjárhagsáætlunargerðar.
- 4. 2410073 - Þjónustumiðstöð - húsnæðismál**

Umræður um húsnæðismál þjónustumiðstöðvar. Skýrsla um ástand rýnmisins á Laugarbraut 6A lögð fram.

Í ljósi niðurstöðu skýrslunnar um ástand húsnæðis á Laugarbraut 6A. vill ráðið tryggja bættu vinnuaðstöðu starfsfólks og felur sviðstjóra frekari vinnslu málsins.
- 5. 2403033 - Ægisbraut 21 - afnot af landi - fyrirspurn**



Umsókn SF smíða um tímabundið afnotaleyfi á lóð Ægisbraut 21. Drög að afnotaleyfi lögð fram.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarráð að fyrirliggjandi drög að samningi um afnotarleyfi á lóð Ægisbraut 21 verði samþykkt.

6. **2409134 - Gangstéttir í botnlangagötum í Jörundarholti**
Tillaga að banna lagningu bíla í 3 götum í Jörundarholti lögð fram.
Skipulags- og umhverfissráð samþykkir framlagða tillögu og felur umhverfisstjóra að kynna breytinguna og láta framkvæma verkið.
7. **2301247 - Suðurgata 57 - gamla Landsbankahúsið**
Drög að útboðsgögnum vegna sölu á fasteign við Suðurgötu 57 lögð fram.
Skipulags- og umhverfissráð felur skipulagsfulltrúa að koma með endanleg útboðsgögn fyrir næsta fund ráðsins.
8. **2409302 - Skipulagsgátt - umsagnarbeiðni vegna endurskoðun aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037**
Borgarbyggð óskar eftir umsögn Akraneskaupstaðar við endurskoðun Aðalskipulags Borgarbyggðar 2025-2037.
Skipulags- og umhverfissráð gerir ekki athugasemdir við skipulagið og felur skipulagsfulltrúa að svara beiðninni.
9. **2409132 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2027**
Umfjöllun um fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2027.
Sviðsstjóri fór yfir stöðu fjárfestinga- og framkvæmdaráætlun 2025-2027.
10. **2410133 - Slökkvilið Akraness og Hjalftarðarsveitar - ósk um sölu bifreiðar**
Ósk um heimild til sölu bifreiðar í eigu stofnunar Akraneskaupstaðar.
Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að bifreiðin í eigu slökkviliðs Akraneskaupstaðar og Hvalftarðarsveitar verði sett í söluférlí. Slökkviliðsstjóra falið umboð til þess.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00.

Anna Schwarz Smáradóttir
Sveinur Axelsson